



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Hafnasambands Íslands

Dags.: 7. desember 2016

Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr

Málsnr.: 1611006HA

Málalykill: 31.00

Efni: Um stöðu verst settu hafnasjóðanna

Inngangur

Á þingi hafnasambandsins sem haldið var á Ísafirði dagana 13. og 14. október 2016 var stjórn hafnarsambands falið

„...að greina hið fyrsta sérstaklega stöðu þeirra hafna sem lakast eru settar fjárhagslega og ólíklegar til þess að vera sjálfbærar vegna skulda og/eða fyrirliggjandi endurnýjunar hafnarmannvirkja. Leitað verði lausna á vanda þessara hafna þannig að þær geti einar eða í samstarfi við aðrar hafnir sinnt hlutverki sínu.“

Á fundi stjórnar þann 11. nóvember var málið sett á dagkrá og bókað:

Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar og fela sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins að taka saman minnisblað um hvaða hafnir er að ræða og hver staða þeirra er.

Fjárhagsleg staða hafna

Verkefnið sem fengist er við í þessu minnisblaði er að meta hvaða hafnir glíma við rekstrar – og skuldavanda að þeirri stærðagráðu að áhöld eru um sjálbærni reksturs þeirra. Til þess að bregða sem bestu ljósi á viðfangsefnið eru kallaðar til helstu kennitölur sem jafnan er beitt til að meta stöðu fyrirtækja. Til grundvallar eru lagðir reikningar hafnarsjóða yfir árin 2012 til 2015, en áhersla er þó einkum lögð á síðast árið.

Veltufé frá rekstri segir til um hve mikið lausafé verður eftir þegar búið að borga alla reikninga vegna daglegs rekstrar og hvað til ráðstöfunar er til að greiða afborganir lána og til fjármögnunar á fjárfestingum. Mælikvarðinn gefur góða vísbendingu um rekstrarstöðu til skemmri tíma og er að því leyti betri mælikvarði en rekstrarafgangur.

Í þeim tilvikum þegar veltufé frá rekstri er neikvætt þarf að leggja fyrirtæki til veltufé til þess að það megni að greiða gjöld sem til falla vegna daglegs rekstrar og til þess að standa undir af afborgunum lána og fjárfestingum. Rekstur sem þannig er ástatt um telst varla sjálfbjarga. Þegar rekstur er

með þeim hætti yfir lengri tíma blasir við að kraftaverk þarf til að gera reksturinn sjálfbæran. Rekstur sex hafna hefur skilað neikvæðu veltufé á hverju árunna 2012 til 2015, ¹en á árinu 2015 var það upp á teningnum hjá þremur höfnum til viðbótar. Ljóst er að þegar fjárhagsstaða er með þeim hætti að leggja þarf veltufé til rekstrar ár eftir ár er rekstri einfaldlega að blæða út. Aðeins í þeim tilvikum þegar mikil hagnaður er í vændum, s.s. í nýsköpunarfyrirtækjum, sætta eigendur sig við rekstur sem ekki skilar veltufé í kassann.

Tafla 1. Hafnir með neikvætt veltufé frá rekstri

Blönduóshöfn	Kópavogshöfn	*Hólmavíkurböfn
Hafnir Norðurlands	Reykjaneshöfn	*Reykholahöfn
Hvammstangahöfn	Vogahöfn	*Sandgerðishöfn

* Á aðeins við um árið 2015.

Skoða þarf sérstaklega afkomu, efnahag og horfur þessara hafna.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur. Björninn er ekki unnin með því einu að reksturinn skili jákvæðu veltufé, þar sem huga þarf að hve miklu rekstur skilar til fjárfestinga og afborgana lána. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur gefið út viðmið um hversu hátt veltufé þarf að vera sem hlutfall af tekjum til að standa undir skuldum. Gengur nefndin út frá því að sveitarfélag sem skuldar 150% tekjum þurfi að fá út úr rekstri að lágmarki 7,5% af tekjum og við hærra skuldahlutfall, s.s. 250%, þurfi rekstur að skila 12,5%.

Þegar viðmið eftirlitsnefndar er mátað á hafnarsjóði kemur í ljós að þeir sjóðir sem skila jákvæðu veltufé fara létt með viðmið nefndarinnar, með einni undantekningu. Í því felst væntanlega að sú rá er stillt m.v. rekstur sem ekki er eins fjármagnsfrekur (skuldsettur) og hafnastarfsemi er.

Tafla 2. Hafnir með jákvætt veltufé frá rekstri árið 2015, en undir viðmiði eftirlitsnefndar

Hafnir Vesturbyggðar

Afkoma Hafna Vesturbyggðar versnaði mjög á árinu 2015. Veltufé frá rekstri nam aðeins 4,2% af tekjum, samanborið við 17,5% árið áður og skuldir námu 249% af tekjum. Samkvæmt viðmiði Eftirlitsnefndar svarar þetta skuldahlutfall til þess að rekstur hefði þurft að skila veltufé sem nemur a.m.k. 12,5% af tekjum. Ástæða þessarar umskipta virðist liggja í aukningu annars rekstrarkostnaðar sem kann að vera tilfallandi.

¹ Rétt er að taka fram að tveir af þessum sjóðum, Blönduóshöfn og Vogahöfn eru með nánast engan rekstur og ættu í reynd að falla undir A- hluta viðkomandi sveitarfélaga.

Veltufjárhlutfall mælir hlutfallið á milli veltufjármuna og skammtímaskulda og er algengur mælikvarði á skammtíma greiðsluhæfi. Rétt er að minna á að næsta árs afborgun færist sem skammtímaskuld, þar sem hún er á gjalddaga innan eins árs. Þegar hlutfallið er lægra en einn eru skammtímaskuldir meiri en veltufjármunir. Í því ástandi er hætt við að fyrirtæki lendi í vandræðum við fjármögnun og lítið má út af bera í rekstri. Alls hefur veltufjárhlutfall þrettán hafna verið undir einum öll árin 2012-2015. Veltufjárhlutfall er í flestum tilvikum töluvert undir einum.

Tafla 3. Hafnir með veltufjárhlutfall undir einum.

Bolungarvíkurhöfn	Hafnir Vesturbyggðar	Sandgerðishöfn
Borgarfjarðarhöfn	Hólmavíkurhöfn	Stykkishólms Höfn
Grindavíkurhöfn	Hvammstangahöfn	Súðavíkurhöfn
Hafnir Ísafjarðarbæjar	Kópavogshöfn	
Hafnir Norðurlands	Reykjanes Höfn	

Skuldahlutfall mælir hlutfallið á milli heildarskulda og skuldbindinga annars vegar og heildartekna hins vegar. Þessi kennitala er önnur af tveimur fjármálareglum sveitarstjórnarlaga og mikilvæg að því leyti. Í árslok 2015 voru tólf hafnarsjóðir með skuldir og skuldbindingar sem námu yfir 150% af tekjum. Einfalt meðaltal skuldahlutfalls þessara tólf hafnarsjóða var 876%.

Tafla 4. Hafnir með skuldahlutfall yfir 150% af tekjum

Grindavíkurhöfn	Hólmavíkurhöfn	Sandgerðishöfn
Hafnarfjarðarhöfn	Hvammstangahöfn	Seyðisfjarðarhöfn
Hafnir Norðurlands	Kópavogshöfn	Tálknafjarðarhöfn
Hafnir Vesturbyggðar	Reykjanes Höfn	Vopnafjarðarhöfn

Ljóst er að lítið má út af bregða í rekstri mjög skuldsettra hafnarsjóða til að ógna sjálfbærni þeirra.

Eiginfjárhlutfall er hlutfall á milli eigin fjár fyrirtækis og bókfærðs virðis eigna þess. Mat á virði eigna er jafnan mikilli óvissu háð á meðan víska er um fjárhæð skulda. Þetta á ekki hvað síst við um mat á markaðsvirði opinberra eigna og sannarlega gildir um hafnir. Í árslok 2015 voru sex hafnarsjóðir með neikvætt eigið fé og mínusinn mestur hjá Hvammstangahöfn.

Tafla 5. Hafnir með neikvætt eigið fé 2015.

Hvammstangahöfn	Hafnir Norðurljósa
Sandgerðishöfn	Kópavogshöfn
Reykjaneshöfn	Stykkishólmshöfn

Eiginfjárstaða hafnarsjóða kann að skipta umtalsverðu máli ef til sameiningar hafna skyldi koma á næstu árum.

Framkvæmdaþörf

Fjárfestingar í innviðum hvers konar hafa mjög legið í láginn frá fjármálahruninu og víða blasir við mikil uppbyggingaþörf. Hafnasambandið gekkst fyrir könnun meðal aðildarsjóða árið 2015 og leiddi hún í ljós töluverða þörf á framkvæmdum, bæði til viðhalds og nýframkvæmda, á næstu árum. Niðurstaðan var sú að á sex árum, 2015 – 2020, væri þörf á viðhaldi sem nemur í heild um 5,5 ma.kr. og nýframkvæmdum sem nemur 22,7 ma.kr. Samtals framkvæmdaþörf við hafnarmannvirki nemur samkvæmt þessu 28,2 ma.kr., eða 4,7 ma.kr. á ári.

Viðhald hefur víða setið á hakanum og bættur efnahagur margra hafnarsjóða hefur ekki síst falist í frestun framkvæmda. Mannvirkin eru vitaskuld forsenda starfseminnar og tekjuflæðis til að standa undir skuldum. Til þess að meta stöðu einstakra sjóða af sanngirni þarf því að fara yfir áform þeirra um framkvæmdir til viðhalds og nýframkvæmda.

Viðhaldsþörf nokkurra hafna standa upp úr. Á þetta einkum við um Reykhólahöfn sem skv. könnuninni áformar 450 m.kr. viðhald árin 2015 til 2020. En tekjur hafnarinnar voru 4,9 m.kr. á árinu 2015 og skuldir námu 145% af tekjum. Veltufé frá rekstri var neikvætt á árinu 2015. Hlutfallslega mikil viðhaldsþörf kemur einnig fram hjá Djúpavogshöfn og Þorlákshöfn. Ástæða er til að rýna nánar stöðu þessarar hafna.

Niðurstaða

Ljóst er að þeir hafnarsjóðir sem skilað hafa neikvæðu veltufé frá rekstri um árabil eru ekki sjálfbærir. Þeir sjóðir sem nefndir eru í töflu 1 eiga það að auki sammerkt að flestar ef ekki allar kennitölur sem hér er stuðst við eru þeim mjög óhagstæðar s.s. er varðar veltufjár-, skulda- og eiginfjárlutfall. Um er að ræða Hafnir Norðurljósa, Hólmavíkurhöfn, Hvammstangahöfn, Kópavogshöfn, Reykjaneshöfn og Sandgerðishöfn. Rekstur og efnahagur allnokkurra hafna í viðbót þarf að greina sérstaklega með tilliti til sjálfbærnis rekstrar. Er þá einkum horft til þeirra sem eru mjög skuldsettir og eins þeirra sem eru með óhagstætt veltufjárlutfall.

